

Miðvikudaginn 11. desember 1940.

Nr. 69/1940. **Sigurjón Jónsson** (sjálfur)
gegn

**bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjar-
sjóðs** (Pétur Magnússon).

Skylda sonar til framfærslu móður.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefir upp kveðið Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmanns í Reykjavík.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. júní þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd lögtaksgerðarinnar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Að vísu verður ekki litið svo á, að móður áfrýjanda hafi stafað bein hætta af flutningi til Reykjavíkur sumarið 1939. En þegar litið er til aldurs hennar og heilsufars og langrar undanfarinnar dvalar á Akureyri, þá er nokkur ástæða til að ætla, að flutningur hennar til Reykjavíkur á heimili áfrýjanda, sem hún hafði haft sama og engin samskipti við frá fæðingu hans, hefði haft óheppileg áhrif á liðan hennar.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, að því er varðar framkvæmd lögtaks fyrir meðlagskröfunni, kr. 814.14.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður, að því er varðar framkvæmd lögtaks fyrir kr. 814.14.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 13. júní 1940.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 3. þ. m., hefir Akureyrarbær krafizt lögtaks hjá Sigurjóni Jóns-syni bankagjaldkera, til heimilis í Hraunborg við Engjaveg hér í bænum, til tryggingar meðlagi með móður hans, að upphæð kr. 814.14, ásamt málskostnaði, kr. 173.35.

Gerðarþoli hefir mótmælt framgangi lögtaksins og krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Með úrskurði, uppkveðnum af lögreglustjóranum í Reykjavík 6. október 1936, var gerðarþoli úrskurðaður til að greiða gerðarbeiðanda meðlag með móður sinni, Guðrúnu Sæmundsdóttur, allt að kr. 80.00 á mánuði frá 1. ágúst 1936 að telja, og var úrskurður þessi staðfestur af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 6. janúar f. á. Var þann sama dag kveðinn upp lögtaksúrskurður fyrir hinu áfallna meðlagi, og lögtak hafið þann 24. s. m. 22. febrúar 1939 var því næst kveðinn upp úrskurður í málinu, þar sem ákveðið var, að lögtakið skyldi fara fram, og hefir gerðarþoli, að því er hann ómótmælt heldur fram, gert full skil á allri meðlagsgreiðslu með móður sinni fram til 1. janúar 1939, enda er meðlagskrafta sú, sem hér er beiðzt lögtaks fyrir, tímabilið frá 1. jan. til 30. nóvember 1939 (sic).

Í sambandi við þessa meðlagskröfu, sem hér liggur fyrir, hefir gerðarþoli haldið því fram, að móðir sín hafi neitað að flytja til sín, og sé hann því ekki lengur skyldur til að greiða meðlag með henni og hefir hann vitnað því til stuðnings í 7. gr. framfærslulaganna nr. 135 frá 1935.

Gerðarbeiðandi heldur því aftur á móti fram, að gerðarþoli virðist aldrei hafa farið fram á það við móður

sína, að hún flyttist til hans. Auk þess telur hann, að hún sé ekki ferðafær, og hafi ekki verið, og hefðu því legið næg rök til undanfærslu hennar á flutningnum.

Af hinum framlögðu skjölum verður ekki annað séð, en að styrkþeginn Guðrún Sæmundsdóttir hafi hafnað þeirri málaleitan gerðarþola, að hún flyttist til hans. Hins vegar verður að telja, að sú undanfærsla hennar hafi við nægileg rök að styðjast með tilliti til þess, að hún er orðin 82 ára að aldri og hefir dvalið, að því er séð verður, samfleytt á Akureyri 38 ár og er haldin sjúkdómi samkvæmt læknisvottorðum, sem gerir það að verkum, að lífi hennar getur verið hættu búin vegna flutningsins, ef ekki er gætt sérstakrar varúðar.

Með tilliti til þessa, sbr. 7. gr. 3. lið framfærslulaga frá 1935, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 13. desember 1940.

Nr. 29/1940. **Guðmundur Ögmundsson**

(Ólafur Þorgrímsson)

gegn

bæjarstjóra Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Maður talinn hafa eignast bifreið fyrir traustnám.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefir uppkeðið Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1940, krefst þess, að hinn